

# Myndin í stásstofunni

Ahorfskannanir eru fyrirbrigði sem sjónvarpsstöðvarnar hleypa af stokkunum með reglulegu millibili, bæði til að þóknast auglýsendum og mæla eigin vinsældir. Um leið veita þær nokkra inn-sýn í það sem kalla mætti „almennan smekk“ sjónvarps-áhorfenda á hverjum tíma. En mér vitanlega hefur ekki verið kannad af fræðilegri nákvæmni hvaða augum Íslendingar líta myndlistarlegt umhverfi sitt, hvers vegna þeir kaupa myndir, hvaða viðfangsefni höfða mest til þeirra, hvað ráði upp-hengingu myndanna á heimilum þeirra og svo framvegis. Fræðimenn meðal annarra þjóða hafa lagt sig eftir upplýsingum um myndlistarhuga fólks. M.a. hefur listasögudeild háskólans í Lundi í hartnær aldarfjórðung fylgst skipulega með myndlistarsmekk íbúa í þremur fjölbýlishúsum í Málmei í Svíþjóð.

Því er „Sófamálverk“ uppákoma Önnu Jóa og Ólafar Oddgeirsdóttur í Hafnarhúsinu, skemmtileg nýbreytni, jafnvel þótt hún gefi sig ekki út fyrir að vera strangvísindaleg viðhorfskönnun. Raunar virðast þær sjálfar líta á verkefnið sem myndlistargörning, sambland af innsetningum, litskygnum og textum.

## Skyggnur í sibylju

Áhugaverðasti hluti þessa gjörnings, a.m.k. fyrir þann sem velt hefur fyrir sér viðhorfum Íslendinga til myndlistar, eru skyggnur af „sófamálverkum“ í u.þ.b. 100 heimahúsum sem sýndar eru í sibylju í fundarsal hússins ásamt athugasemdum sem hafðar eru eftir eigendum þeirra.

Þær stöllu virðast ganga út frá því að í



Auk málverksins fyrir ofan sófann fáum við að sjá úrval af púðum og sófaborðum. Málverkið stóra fyrir ofan þennan sófa er að sjálfsgöðu eftir Kjarval.

hugmyndinni um sófamálverk kristallist viðhorf Íslendinga til myndlistar: að í öndvegi á hverju heimili, yfir sófanum í „bestu stofunni“, sé alltaf að finna þau málverk sem hafi mesta þýðingu fyrir íbúana. Þær gefa sér líka að þetta sófamálverk eigi lítið sem ekkert skylt við fyrirbæri með sama nafni sem aðrir Norðurlandabúar tala um á niðrandi hátt – sem ég held að sé rétt hjá þeim. Og að með því að einblína á þetta listræna altari hvers íslensks heimilis megí komast næst fegurðarsmekk eigenda.

Ekki ætti að koma neinum á óvart að eldri kynslóð Íslendinga skuli bæna sig við ölturu þeirra Kjarvals, Jóns Stefánssonar eða Gunnlaugs Blöndals, eða að eftirstriðskynslóðin skuli hengja málverk eftir Kristján Davíðsson eða Þorvald Skúlason yfir dönsku sófana sína, og að allra yngstu íbúðareigendur séu spennastir fyrir ítölskum mublum frá Casa eða Epal og málverkum eftir Georg Guðna eða Helga Þorgils.

## Einkarými og opinbert rými

Eiginlega vekja skyggnurnar fleiri spurningar en þær svara. Í skránni er að finna drög að hugleiðingu um elstu gerð íslenska sófamálverksins, landslagsmyndina, þar sem m.a. er velt upp hugmyndinni um eftirsjá nútíma-íslendingins eftir heimahögum og fortíð. Sú hugmynd er þó ekki brotin til mergjar. Auk þess vantar tilfinnanalega einhvers konar úttekt á viðhorfsbreytingum yngri kynslóða, eins og þær birtast í sófamálverkum þeirra, t.a.m. hugmyndinni um hina „heilðrænu innréttingu“ og „innréttinguna


sem tiskuyfirlýsingu“, sjá Innlit/útlit þættina á Skjá einum.

Helsti galli á sjálfri aðferðafræðinni sem hér er viðhöfð er að skipuleggjendur gera ekki kláran greinarmun á einkarými, þ.e. stásstofum á einkaheimilum, og opinberu rými, því inn á milli birtast skyggnur af málverkum á opinberum stöðum, Hótel Holti, Alþingi o.fl. Þetta rýrir gildi könnunar á einstaklingsviðhorfum. Sömuleiðis finnst mér út í hött að bregða athugasemdum húseigenda upp með næstum tilviljunarkenndum hætti, í stað þess að láta þær fylgja myndunum af sófamálverkum þeirra.

En tilraunin er áhugaverð og getur vonandi af sér alvörurannsóknir á myndlistarsmekk Íslendinga.

Aðalsteinn Ingólfsson

Sófamálverkíð verður til sýnis í Hafnarhúsinu út marsmánuð. Opíð daglega kl. 11–18 en til kl. 19 fimmtudaga.



## Útlendingar skilja hana ekki

Íslensk tunga er einn af hornsteinum menningar okkar og hefur ómetanlegt gildi fyrir sjálfsvitund þjóðarinnar, segir í ályktun sem Bandalag íslenskra listamanna hefur sent frá sér um tungumálið á framlagi Íslands til Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. En Bandalagið telur að stuðla beri að útbreiðslu íslenskrar menningar og framgangi íslenskra listamanna erlendis, og staðreyndin sé því miður sú að í eyrum útlendinga sé íslensk tunga óskiljanleg. Listamenn sem eru í aðstöðu til að koma verkum sínum á framfæri erlendis að tilstuðlan opinberra aðila, svo sem Ríkisútvarpsins, hljóta að gera þá sjálfsgöðu kröfu að hömlur séu ekki settar á tjáningarfrelsi þeirra með einhliða ákvörðun útvarpsráðs sem beinlínis meinar þeim að gera sig skiljanlega og koma listaverkum sínum á framfæri þannig að innihald þeirra skili sér.

Þær reglubreytingar sem stjórn Söngvakeppninnar gerði fyrir þremur árum til að stuðla að því að þátttakendur smærri þjóða eigi greiðari aðgang að eyrum áhorfenda, með því að heimila þeim að syngja á tungumáli sem meirihluti sjónvarpsáhorfenda skilur, ættu að mati stjórnar BÍL að eiga við um íslenska keppendur.

## Gengið í barndóm

Myndlistarmenn sem hafa sótt sér framhaldsmenntun til Japans eru teljandi á fingrum annarrar handar enda landið langt í burtu og menning ólík, en Þóroddur Jóhannsson komst að því að Japan allt er einn risastór skóli fyrir íslenskan myndlistarmann. Þóroddur heldur fyrirlestur um málið í dag, kl. 12.30, í stofu 024 í Listaháskólanum Laugarnesvegi 91, og nefnir hann: „Gengið í barndóm – að læra myndlist í Japan og fleira skemmtilegt.“ Þar fjallar hann um myndlistarnám sitt þar eystra og segir lítillaga frá eigin verkum.

## Leiktúlkun

Áhugafólk athugi að 5. mars hefst námskeið í leiktúlkun við Opna listaháskólann undir stjórn Þórs Tulinius leikara. Markmið námskeiðsins er að opna fyrir fólki heim sviðs- og leiktúlkunar. Fjallað verður um það hvernig leikarar nálgast nýtt hlutverk, farið í ýmsar æfingar og leiki, unnið með spuna og senur. Kennir verður í Leiklistadeild LHI, Sölvhólsgötu 13.

## Leikmynd og búningur

Þeir sem hafa meiri áhuga á útliti leiksýninga en túlkun leikara athugi að 6. mars hefst námskeið í leikmyndahönnun í Skipholti 1. Tilgangur námskeiðsins er að veita innsýn í heim hönnuðar. Lesið verður leikrit og möguleikar á útfærslu leikmynda ræddir, skoðað bak við tjöldin, rætt um hvernig leiksýning verður til og kannski farið í heimsókn í leikhús. Gestir koma í heimsókn (t.d. leikari, leikstjóri, ljósaönnuður, búningahönnuður) og reynt verður að gera grein fyrir samspili ólíkra þátta í sköpun leiksýningar. Kennari er Finnur Arnarson, myndlistarmaður og leikmyndahönnuður.

Daginn eftir, 7. mars, hefst svo námskeið í búningahönnun í Skipholti 1. Lesið verður handritið að Blúndum og blásýru eftir Joseph Kesselring og hugmyndir þátttakenda skoðaðar og ræddar. Farið verður baksviðs þar sem verið er að undirbúa útfærslu á verkinu í Borgarleikhúsinu, lítið inn á æfingur, spjallað við leikstjórnann og fylgst með persónum verða til í leik, búningum og gervi. Að lokum verður farið á sýningu á verkinu. Kennari er Þórunn María Jónsdóttir búningahönnuður sem sér einmitt um leikmynd og búninga á sýningunni.

## Tónlist

### Jónas Ingimundarson og Ólafur Kjartan Sigurðarson

DV-MYND EÓL

Nákvæmlega helmingur laganna á efnisskrá Ljóðatónleika Gerðubergs þann 21. febrúar síðastliðinn var frumfluttur þetta kvöld. Öll voru lög-in skrifuð fyrir einsöngsródd og píano. Þrettán íslenskir höfundar áttu þarna á bilinu 1–3 lög hver og gæti þá einhver haldið að flest þeirra tónskálda sem lægi eitthvað á hjarta á þessu sviði hefðu þarna komið að sínum nýjustu verkum. En svo er ekki. Þau eru ótrúlega mörg, íslensku einsöngslögin sem bíða flutnings, og svona í framhjálaupi er rétt að nefna óperurnar sem rykfalla meðan gömul, erlend verk rata ítrekað á svið hér.

Íslenskir söngvarar eru margir ekki duglegir við að æfa og flytja nýja íslenska tónlist og í fljótu bragði finnst ekki í minningasafni nýliðinna ára dæmi um annað eins grettistak á þessu sviði og Ólafur Kjartan Sigurðsson leyfi á þessum tónleikum með meðleikara sínum, Jónasi Ingimundarsyni. Hér verður að nægja að nefna það sem stendur upp úr í huganum nú þó að endurtekin áheyrn gæti breytt þar einhverju.

Lögin voru mörg og ólík og útilokað að þara þau saman. Tryggvi M. Baldvinsson notaði óhræddur hið þekkt á skemmtilegan hátt í lögum sínum, Hvar ertu? og Völuspá. Tónlistin er gegnsýrð húmor sem fellur vel að sköndnum ljóðum Þórarins Eldjárn. Flytjendur sýndu tilþrjú og leikgleði sem smitaði salinn.

Eftir John A. Speight var frumflutt mjög falleg Sjóferðabæn við texta Steinunnar Sigurðardóttur. Lagið myndar sterka heild, senu, þar sem þó er finna fjölbreytta áferð. Bæði ródd og píano fá augnablik án hins, viðkvæm augnablik og falleg. Þetta er óvenjulega tilgerðarlaus lag og einlægt, góð smíð og var vel flutt.

Flug Þorkels Sigurbjörnssonar var tært og einfalt eins og þeir einir gera sem kunna; Maríubæn Skúla Halldórssonar í gömlum stíl en fal-



leg og Til hinnar heittelskuðu eftir Jón Ásgeirsson alveg bráðskemmtilegt og sérlega leikandi skrifað.

Þrjú lög eftir Oliver Kentish voru á efnisskránni og voru tvö þeirra greinilega samín með það í huga að hljóma íslensk og jafnvel forn. Þetta eru góð dæmi um vel heppnaða nálgun íslenskra einkenna og hljómuðu þau líkleg til að verða sungin áfram.

Eitt af fallegustu lögum tónleikanna var lag Mistar Þorkeldsdóttur, Þú ert átján. Spunakenndur rytmi í línunum, vel mótuð þrástef og almennt falleg meðferð á texta er meðal þess sem er eftirminnilegt við þetta lag. Þeir Jónas og Ólafur voru mjög samstiga í vönduðum flutningi.

En það var Gunnar Reynir Sveinsson sem átti þau verk sem dýpst brenndu sig í hugann þetta kvöld – og ekki vegna þess að þau væru svo þægileg. Skarphéðinn í brennunni, við ljóð

Steins Steinarrs, er mögnuð sena, sönn augnabliksopera eins flytjendur komust að orði fyrir tónleikana. Eftirsþilið þarf þó að hljóma öðruvísi en það gerði þarna til að halda uppi þeirri spennu sem fölgir er í laginu. Og svo er það hún Elín Helena sem, eins og fleiri þetta kvöld, er orðin átján ára. Ólafur Kjartan túlkaði þetta ljóð með þeim hætti að það verður aldrei samt aftur. Hann fletti utan af ruddaskapnum, beraði gróf-leikann og lagði á borðið allar þær fýsnir og þenkingar sem fölgjar eru í bæði texta og lagi. Þetta var frábær flutningur og sýndi líka vel þá útteislun og vald sem Ólafur Kjartan hefur á sviði.

Í heildina voru þetta mjög skemmtilegir tónleikar, verkefnið vel valin og flutningurinn lifandi.

Sigríður Björnsdóttir